



FJÖLMIÐLANEFND

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. maí 2021
Mál nr. 2021-2345 / 0.4

Efni: Umsögn fjölmiðlanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla (EES-reglur, hljóð og myndmiðlunarþjónusta, samfélagsmiðlar o.fl.), 717. mál.

Fjölmiðlanefnd hefur borist umsagnarbeiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 15. apríl 2021, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla (EES-reglur, hljóð og myndmiðlunarþjónusta, samfélagsmiðlar o.fl.), 717. mál. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 (hér eftir lög um fjölmiðla), vegna innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2018/1808 um breytingu á tilskipun nr. 2010/13/ESB um hljóð- og myndmiðlun.

Hljóð- og myndmiðlunartilskipun Evrópusambandsins er ætlað að tryggja að samræmdar lágmarksreglur gildi um starfsemi hljóð- og myndmiðla á EES-svæðinu og sömuleiðis að tryggja samræmt eftirlit með þeim reglum. Gilda þær um alla hljóð- og myndmiðla með starfsemi á EES-svæðinu, þar á meðal alþjóðlegar myndveitur.

Tilskipun 2018/1808/ESB tók gildi 18. desember 2018 í aðildarríkjum Evrópusambandsins og átti innleiðingu hennar í landslög aðildarríkjanna að vera lokið þann 19. september 2020. Þar sem tilskipunin heyrir undir gildissvið EES-samningsins ber EES-ríkjunum Íslandi, Noregi og Lichtenstein einnig að innleiða hana í landslög, eftir að hún hefur verið tekin upp í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Tilskipunin hafði ekki verið tekin upp í EES-samninginn þegar umsögn þessi var rituð, þar sem einstök útfærsluatriði þeirrar ákvörðunar voru ennþá til umræðu í sameiginlegu EES-nefndinni.

Breytingar á hljóð- og myndmiðlunartilskipun ESB voru síðast gerðar árið 2010. Tillögur í fyrirliggjandi frumvarpi eru settar fram til að bregðast við tækniþróun og breytingum sem orðið hafa á fjölmiðlanotkun almennings og miðlun og dreifingu upplýsinga á netinu á undanförunum áratug. Þá endurspeglar nýjar reglur nauðsyn þess að bregðast við dreifingu upplýsingaóreiðu, hatursorðræðu og hvatningu til hryðjuverka. Tillögurnar miða fyrst og fremst að því að auka vernd notenda fjölmiðla og mynddeiliveitna, sér í lagi barna. Mynddeiliveitur eru felldar undir gildissviðið hvað varðar reglur um vernd barna, hatursorðræðu og viðskiptaboð. Með

mynddeiliveitum er m.a. átt við YouTube, Facebook og Instagram en einnig smærri miðla. Þessu miðlum verður skylt að gera ráðstafanir til að auka vernd notenda sinna og merkja viðskiptaboð með skýrum hætti.

Einnig verður lögð áhersla á að bæta aðgengi sjón- og heyrnarskertra að fjölmiðlum og að auka framboð og sýnileika evrópsks efnis í myndveitum sem miðla efni eftir pöntun. Slakað verður á kröfum um auglýsingahlutfall innan klukkustundar til að styrkja hefðbundna sjónvarpsmiðla í samkeppni við samfélagsmiðla og myndmiðla sem miðla efni eftir pöntun. Gerðar verða auknar kröfur til fjölmiðlanefndar, meðal annars um alþjóðlegt samstarf og skýrslugjöf og ráðstafanir til að efla og þroska fjölmiðlalæsi almennings.

Athugasemdir við einstakar greinar

1.

Í **9. gr.** frumvarpsins er lagt til að við 10. gr. laga um fjölmiðla, um starfssvið fjölmiðlanefndar, bætist ný málsgrein um skyldu fjölmiðlanefndar til að veita á vef sínum einfaldar og greinargóðar upplýsingar um hvaða kröfur eru gerðar til fjölmiðla um aðgengi sjón- og heyrnarskertra skv. 30. gr. og farveg fyrir notendur til að koma kvörtunum á framfæri. Fjölmiðlanefnd leggur til að þessari málsgrein verði komið fyrir sem viðbót við 21. gr. laganna sem nú ber yfirskriftina *Upplýsingagjöf á heimasíðu fjölmiðlanefndar*. Jafnframt er lagt til að yfirskrift þess ákvæðis verði *Upplýsingagjöf á vef fjölmiðlanefndar*, sbr. 2. athugasemd.

2.

Á nokkrum stöðum í lögum um fjölmiðla er vísað til *heimasíðu* fjölmiðlanefndar, þar á meðal í fyrirsögn 21. gr. Orðið *heimasíða* vísar til upphafssíðu (forsíðu) vefs en ekki undirsíðna hans. Þar sem illmögulegt er að birta allar þær upplýsingar sem taldar eru upp í 21. gr. á heimasíðu vefs fjölmiðlanefndar er lagt til að orðið *vefur* komi í stað orðsins *heimasíða* þar sem það á við.

3.

Í **c-lið 23. gr.** frumvarpsins er lagt til að við 41. gr. laga um fjölmiðla, um tíma fyrir auglýsingar og fjarkaupainnskot í hljóð- og myndefni, bætist ný málsgrein sem virðist ekki eiga beina samsvörun í tilskipun 2018/1808/ESB. Ákvæðið er svohljóðandi:

Standi auglýsing og/eða fjarkaupainnskot eða röð auglýsinga eða fjarkaupainnskota lengur en fimm mínútur skal auðkenna skýrlega að um auglýsingu sé að ræða á skjá frá byrjun til enda þess tímaramma er inniheldur auglýsingu og/eða fjarkaupainnskot.

Í skýringum við ákvæðið kemur fram að því sé ætlað að tryggja gagnsæi og upplýsingarétt áhorfenda. Þá virðist ákvæðinu ekki ætlað að taka til hefðbundinna auglýsingahléa, heldur auglýsinga og/eða fjarkaupainnskota sem fylgja eða eru hluti af dagskrárlið. Kallast þetta á við breytingar á hugtakinu viðskiptaboð í **e-lið 1. gr.** frumvarpsins þar sem fram kemur að slíkt myndefni og/eða hljóð geti „fylgt eða verið hluti af dagskrárlið eða notendaframleiddu efni.“ Af framangreindum breytingum á hugtakinu viðskiptaboð, sem eru í samræmi við

skilgreiningu þess í tilskipun 2010/13/ESB,¹ má ráða að auglýsing geti t.d. verið í formi innslaga í dagskrárliði, að því skilyrði uppfylltu að slíkar auglýsingar séu ávallt skýrlega auðkenndar á skjá frá byrjun til enda, svo að áhorfendum verði ljóst að myndefnið sé unnið á viðskiptalegum forsendum. Ella teljist miðlun viðkomandi auglýsinga fara í bága við 2. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla um bann við duldu auglýsingum.

Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við c-lið 23. gr:

- Eins og ákvæðið er orðað má túlka það svo að það taki til hefðbundinna auglýsingahléa í sjónvarpi, standi þau lengur en 5 mínútur. Hámarks lengd auglýsingahléa í sjónvarpi er 8 mínútur á klukkustund á RÚV og 12 mínútur á klukkustund í útsendingum einkarekinna sjónvarpsstöðva. Verður það að teljast íþyngjandi ráðstöfun að gera fjölmiðlaveitum skylt að merkja röð auglýsinga í auglýsingahléum sérstaklega á skjá, frá byrjun til enda, fari slík röð auglýsinga yfir 5 mínútur í auglýsingahléi, og vandséð er að það hafi verið vilji frumvarpshöfunda. Er því lagt til að setningarhlutanum „*sem fylgja eða eru hluti af dagskrárlið*“ verði skotið inn í ákvæðið til frekari skýringar.
- Eins og c-liður 23. gr. frumvarpsins er orðaður mætti ætla að skyldan til að auðkenna auglýsingar og fjarkaupainnskot til aðgreiningar frá ritstjórnarefni gildi eingöngu þegar slík viðskiptaboð fara yfir 5 mínútur að lengd. Skyldan til að auðkenna viðskiptaboð til aðgreiningar frá ritstjórnarefni, sbr. 1. mgr. 37. gr. laganna, gildir þó um allar tegundir viðskiptaboða, óháð lengd. Lagt er til að auðkenningarskyldan verði því ekki takmörkuð við viðskiptaboð sem fara yfir fimm mínútur að lengd.

Í ljósi alls framangreinds er lagt til að c-liður 23. gr. frumvarpsins orðist svo.

Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Auglýsingar og/eða fjarkaupainnskot eða röð auglýsinga eða fjarkaupainnskota, sem fylgja eða eru hluti af dagskrárlið, skal auðkenna skýrlega á skjá frá byrjun til enda þess tímaramma er inniheldur auglýsingu og/eða fjarkaupainnskot.

4.

Samkvæmt **18. gr.** frumvarpsins, um nýtt ákvæði 33. gr. a., verða gerðar kröfur um að hlutfall evrópsks efnis í myndefni eftir pöntun verði a.m.k. 30% og að myndmiðlar sem miðla efni eftir pöntun geri evrópskt efni að áberandi hluta af framboði sínu. Í skýringum við frumvarpið er lagt til að miðað verði við fjölda titla fremur en mínútulengd. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins eru fjölmiðlaveitur með litla veltu eða fáa áhorfendur undanþegnar ákvæðinu og í skýringum er lagt til að miðað verði við tiltekna veltu fjölmiðlaveitu eða móðurfélags hennar á ársgrundvelli fremur en fjölda áhorfenda. Ekki er tekið fram í ákvæðinu eða í skýringum við

¹ Skilgreining hugtaksins viðskiptaboð er svohljóðandi í tilskipun 2010/13/ESB: ‘Audiovisual commercial communication’ means images with or without sound which are designed to promote, directly or indirectly, the goods, services or image of a natural or legal entity pursuing an economic activity. Such images **accompany or are included in a programme** [*leturbreyting fjölmiðlanefndar*] in return for payment or for similar consideration or for self-promotional purposes. Forms of audiovisual commercial communication include, inter alia, television advertising, sponsorship, teleshopping and product placement.

það hvaða aðili eigi að leggja mat á það hvaða fjölmiðlaveitur teljast undanþegnar 30% reglunni. Sé það ætlun löggjafans að fjölmiðlanefnd meti hvaða fjölmiðlaveitur falla undir undanþáguna telur fjölmiðlanefnd rétt að taka af allan vafa um það hlutverk nefndarinnar, annað hvort í ákvæðinu sjálfu eða í skýringum við það.

Í 40. gr. formálsorða tilskipunar 2018/1808/ESB kemur fram að í einhverjum tilvikum geti komið til þess að krafan um 30% hlutfall evrópsks efnis eigi ekki við, ef það teldist óréttlæt看legt eða óframkvæmanlegt með vísan til eðlis og áherslu myndmiðlunarþjónustunnar. Í sænsku útvarps- og sjónvarpslögum, eins og þeim var breytt árið 2020, hefur efni 40. gr. formálsorðanna verið fellt inn í samsvarandi ákvæði um evrópskt efni og tekið fram að sænska fjölmiðlanefndin geti í einstökum tilfellum veitt undanþágu frá kröfunni um 30% evrópskt efni ef ekki yrði talið réttlæt看legt eða raunhæft að gera þær kröfur með vísan til eðlis og áherslu myndmiðlunarþjónustunnar. Telur fjölmiðlanefnd til greina koma að bæta sambærilegri málsgrein við 18. gr. frumvarpsins.

5.

Í 4. gr. a. segir að mynddeiliveita sem hefur *aðsetur* á Íslandi heyri undir lögsögu íslenska ríkisins. Vegna náinna tengsla við 4. gr. og til að gæta samræmis við þá grein er lagt til að notað verði hugtakið *staðfesta*, eins og gert er í 4. gr.

6.

Í 7. gr. er fjallað um breytingar á 6. gr. laganna um ráðstafanir gagnvart fjölmiðlaveitum sem miðla myndefni og heyra undir lögsögu annarra EES-ríkja.

Lagt er til að á eftir 1. mgr. 6. gr bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Sé aðstæðum öfugt farið skal fjölmiðlanefnd halda lögsöguríkinu reglulega upplýstu um þær aðgerðir sem teknar hafa verið í því máli sem um ræðir. Innan tveggja mánaða skal fjölmiðlanefnd upplýsa það aðildarríki sem lagði fram beiðnina, Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, eftir því sem við á, um niðurstöðu málsins og rökstuðning þar að baki.

Málsgreinin, sem lagt er til að bætist við 6. gr., tekur til þess þegar fjölmiðlaveita er innan íslenskrar lögsögu en beinir myndefni sínu að mestu eða öllu leyti að öðru ríki innan EES og stjórnvöld í því ríki, þ.e. móttökuríkinu, hafa farið þess á leit við íslensk stjórnvöld að þau beini því til fjölmiðlaveitunnar að fara að landslögum í móttökuríkinu. Fjölmiðlanefnd telur því að vísa beri til móttökuríkis í hinni nýju málsgrein, þ.e. þess EES-ríkis sem leggur fram beiðni til fjölmiðlanefndar, en ekki lögsöguríkis og að fyrsta setningin eigi að orðast svo:

*Sé aðstæðum öfugt farið skal fjölmiðlanefnd halda **móttökuríkinu** reglulega upplýstu um þær aðgerðir sem teknar hafa verið í því máli sem um ræðir*

7.

Í c-lið 25. gr. er lagt til að við 1. mgr. 54. gr. laganna um stjórnvaldssektir bætist nýr stafliður, svohljóðandi: *1. mgr. 36. gr. d um skyldur mynddeiliveitna.*

Samkvæmt þeim breytingum sem lagðar eru til munu brot mynddeiliveitna gegn nýju ákvæði 1. mgr. 36. d gr., um skyldur mynddeiliveitna, eiga að varða sektum. Hins vegar hefur fjölmiðlanefnd eingöngu heimild til að sekta *fjölmiðlaveitur* vegna brota á lögum um fjölmiðla, sbr. 1. mgr. 54. gr. Mynddeiliveita er aðili eða lögaðili sem veitir mynddeilipjónustu en fjölmiðlaveita er aðili eða lögaðili sem veitir fjölmiðlapjónustu, sbr. þá skilgreiningu sem lögð er til á þessum hugtökum í 1. gr. frumvarpsins. Að mati fjölmiðlanefndar er nauðsynlegt að gera viðeigandi breytingar á 54. gr. og veita nefndinni heimild til að leggja stjórnvaldssekt á mynddeiliveitur, vegna brota á 1. mgr. 36. gr. d., eigi framangreind breyting að ná tilgangi sínum.

Starfssvið fjölmiðlanefndar samkvæmt núgildandi lögum

Fjölmiðlanefnd er sjálfstæð stjórnvöldunefnd sem starfar á grundvelli laga um fjölmiðla nr. 38/2011 en með lögnum var innleidd tilskipun nr. 2007/65/EB, sem breytt var með tilskipun 2010/13/ESB. Hlutverk nefndarinnar skv. 1. mgr. 10. gr. laganna er að stuðla að því að markmiðum og tilgangi laga um fjölmiðla verði náð, vinna að því að efla fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum, standa vörð um tjáningarfrelsi og rétt almennings til upplýsinga. Nefndin skal sérstaklega stuðla að því að vernd barna sé virt samkvæmt fyrirmælum laga um fjölmiðla. Í 2. mgr. 10. gr. laga um fjölmiðla eru nánar tiltekin helstu verkefni sem fjölmiðlanefnd ber að sinna, sbr.:

- fylgjast með því að fjölmiðlaveitur fari að fyrirmælum laga um fjölmiðla, taka ákvarðanir í málum samkvæmt þeim og beita viðurlögum þegar við á,
- fylgjast með stöðu og þróun á fjölmiðlamarkaði og safna upplýsingum þar að lútandi,
- annast samskipti við sambærileg stjórnvöld í öðrum EES-ríkjum og alþjóðastofnanir um málefni á starfsvettvangi sínum.
- annast eftirlit með skráningarskyldu og veitingu leyfa til hljóð- og myndmiðlunar og tryggja að lögboðnar upplýsingar um allar fjölmiðlaveitur séu til staðar, og
- annast eftirlit með innihaldi og framsetningu hljóð- og myndsendinga í viðskiptaskyni sem og viðskiptaboða í prentmiðlum og rafrænum ritmiðlum.

Þá er nefndinni ætlað eftirlitshlutverk á grundvelli laga nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, og laga nr. 62/2006 um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum.

Fyrirhugaðar breytingar á starfssviði fjölmiðlanefndar

Með því frumvarpi sem lagt hefur verið fyrir Alþingi, um innleiðingu á tilskipun 2018/1808/ESB með breytingu á lögum um fjölmiðla, verða gerðar auknar kröfur til fjölmiðlanefndar á ýmsum sviðum, sem taldar eru upp í 9. gr. frumvarpsins um viðbætur við

2. mgr. 10. gr. laga um fjölmiðla. Hér á eftir verður farið nánar yfir þær breytingar sem verða á starfssviði fjölmiðlanefndar með innleiðingu tilskipunarinnar, verði frumvarpið samþykkt.

Aðgengi sjón- og heyrnarskertra að fjölmiðlaefni

Samhliða auknum kröfum um að fjölmiðlar bæti aðgengi sjón- og heyrnarskertra að myndefni sínu, skv. 30. gr. laga um fjölmiðla, verða gerðar auknar kröfur til upplýsingagjafar fjölmiðlanefndar að þessu leyti. Í skýringum við frumvarpið er lagt til að útbúinn verði sérstakur hnappur á heimasíðu fjölmiðlanefndar sem opni form þar sem hægt verði að fylla út kvörtun á stöðluðu formi og senda hana með rafrænum hætti. Fjölmiðlanefnd á jafnframt að senda skýrslu til Eftirlitsstofnunar EFTA fyrir 19. desember 2022 og á þriggja ára fresti eftir það um innleiðingu á 30. gr. um aðgengi sjón- og heyrnarskertra að myndefni.

Eftirlit með reglum um hlutfall evrópsks efnis í myndmiðlun eftir pöntun

Fjölmiðlanefnd fær það hlutverk að fylgjast með hlutfalli evrópsks efnis í fjölmiðlum sem miðla myndefni eftir pöntun og senda árlega skýrslu til Eftirlitsstofnunar EFTA um framkvæmdina, sbr. 18. gr. frumvarpsins, um nýtt ákvæði 33. gr. a. Í skýringum við frumvarpið er lagt til að fjölmiðlaveitur tilkynni um hlutfall evrópsks efnis í skýrslum til fjölmiðlanefndar. Lagt er til af hálfu frumvarpshöfunda að fjölmiðlanefnd taki auk þess „stikkprufur“, þ.e. kanni reglubundið eða af handahófi hvort fjölmiðlaveitur sem bjóða upp á myndefni eftir pöntun fari að reglum um hlutfall evrópsks efnis í dagskrá sinni og hvort hlutfallið er sem næst 30% allt árið um kring. Þá virðist fjölmiðlanefnd eiga að leggja mat á það hvort fjölmiðlaveitur uppfylli skilyrði þess að vera undanþegnar reglum um hlutfall evrópsks efnis, þótt ekki sé vísað sérstaklega til þess hlutverks í lögum eða lögskýringargögnum.²

Erlent samstarf

Gerðar verða auknar kröfur til fjölmiðlanefndar um erlent samstarf með lögbundinni þátttöku nefndarinnar í samstarfi á vettvangi ERGA (The European Regulators Group). ERGA er sérfræðingahópur sem samanstendur af fulltrúum eftirlitsstofnana á sviði fjölmiðla á EES-svæðinu. Hópurinn gegnir ráðgjafarhlutverki gagnvart framkvæmdastjórn ESB á sviði fjölmiðlamála, meðal annars vegna innleiðingar hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar.

Fjölmiðlanefnd mun taka þátt í öllu starfi ERGA að undanskildum réttinum til að kjósa. Eiga fulltrúar nefndarinnar að sitja a.m.k. tvo aðalfundi samráðshópsins á ári, sem og að taka þátt í starfi ýmissa vinnuhópa um tiltekin málefni innan ERGA. Gert er ráð fyrir að hluti þeirrar vinnu geti farið fram í gegnum netið.

² Í þessu samhengi er vert er að geta þess að umrædd 30% regla um hlutfall evrópsks efnis gildir um allar fjölmiðlaveitur sem miðla myndefni eftir pöntun á EES-svæðinu, þar á meðal alþjóðlegar streymisveitur á borð við Netflix, Disney+, Amazon Prime og Viaplay. Hefur reglan verið lögfest í þeim aðildarríkjum Evrópusambandsins þar sem framangreindar streymisveitur hafa staðfestu, þ.e. Hollandi, Þýskalandi og Svíþjóð, og er framkvæmd hennar þar því vel á veg komin þegar þetta er ritað.

Skráning fjölmiðlaveitna innan lögsögu Íslands

Fjölmiðlanefnd er eftir sem áður ætlað að halda skrá yfir fjölmiðlaveitur innan lögsögu Íslands en með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu ber nefndinni að tiltaka á hvaða skilyrðum lögsagan byggist, samkvæmt ákvæði 4. gr. laga um fjölmiðla, og afhenda skrána og breytingar er á henni verða til Eftirlitsstofnunar EFTA.

Mynddeiliveitur felldar undir gildissviðið

Svokallaðar mynddeiliveitur (e. video sharing platforms) verða felldar undir gildissvið laga um fjölmiðla að hluta. Nánar tiltekið munu reglur um vernd barna, reglur um bann við hatursáróðri, bann við hvatningu til hryðjuverka og reglur um merkingar viðskiptaþóða gilda um mynddeiliveitur. Ekki verður um að ræða eftirlit með því efni sem er að finna á mynddeiliveitum, heldur eftirlit með því að þær geri ráðstafanir til að tryggja að fyrir hendi séu viðeigandi úrræði til að t.d. merkja viðskiptaþóð, aldursmeta myndefni og tilkynna efni sem talið er skaðlegt börnum eða öðrum notendum. Þá verður mynddeiliveitum skylt að gera ráðstafanir til að efla miðlalæsi notenda.

Gert er ráð fyrir auknum samskiptum fjölmiðlanefndar við fulltrúa mynddeiliveitna og erlendar fjölmiðlanefndir með þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á gildissviði laganna. Sérstaklega má búast við auknum samskiptum við írsku fjölmiðlanefndina BAI (Broadcasting Authority of Ireland), þar sem stærstu mynddeiliveiturnar, YouTube, Facebook, Instagram o.fl. eru staðsettar í írskri lögsögu. Þá fær fjölmiðlanefnd það hlutverk að halda skrá yfir þær mynddeiliveitur sem kunna að vera staðsettar innan lögsögu íslenska ríkisins. Á nefndin að afhenda skrána og breytingar er á henni verða til Eftirlitsstofnunar EFTA. Fjölmiðlanefnd á auk þess að koma á fót nauðsynlegu verklagi til að meta hvort þær ráðstafanir sem mynddeiliveitur hafa gripið til séu fullnægjandi.

Auknar kröfur á sviði fjölmiðlalæsis

Síðast en ekki síst verða gerðar auknar kröfur varðandi lögbundið hlutverk fjölmiðlanefndar á sviði fjölmiðlalæsis. Eitt af hlutverkum fjölmiðlanefndar, skv. 10. gr. laga um fjölmiðla, er að vinna að því að efla fjölmiðlalæsi og rétt almennings til upplýsinga. Eins og fram kemur í frumvarpinu er fjölmiðlalæsi mikilvægt tæki í baráttunni gegn svokölluðum falsfréttum. Fjölmiðlalæsi felur meðal annars í sér hæfni til að afla upplýsinga, meta þær og áreiðanleika þeirra með gagnrýnu hugarfari og greina upplýsingaóreiðu og duldar auglýsingar. Fjölmiðlalæsi felur jafnframt í sér stafræna færni og hæfni til að miðla stafrænum upplýsingum á ábyrgan og skapandi hátt. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að áherslur undanfarinna ára hafi beinst að því að efla fjölmiðlalæsi barna og unglunga t.d. með SAFT-verkefninu (samfélag, fjölskylda og tækni). Hins vegar verði nú að gæta þess að efla fjölmiðlalæsi allra aldurshópa, ekki síst þeirra sem eldri eru. Þess má geta að nýlegar rannsóknir sem fjölmiðlanefnd hefur látið gera og kynntar verða á komandi vikum, sýna að fjölmiðlalæsi hér á landi er minnst í yngstu og elstu aldurshópunum.

Samkvæmt þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu ber fjölmiðlanefnd að gera áætlun og ráðstafanir til að efla og þroska fjölmiðlalæsi almennings og senda þriðja hvert ár skýrslu um það til Eftirlitsstofnunar EFTA. Þar með fær hlutverk nefndarinnar á sviði fjölmiðlalæsis aukið vægi, sem endurspeglar mikilvægi þess að efla færni almennings til að takast á við helstu

áskoranir nútímataeknisamfélags og verða virkir og upplýstir þátttakendur í lýðræðislegri umræðu.

Niðurlag

Fjölmiðlanefnd er nú þegar ætlað víðtækt hlutverk og með þeim breytingum sem lagðar eru til með frumvarpinu verða gerðar auknar kröfur til nefndarinnar um eftirlit, skýrslugjöf, alþjóðlegt samstarf, áætlanagerð, rannsóknir, fræðslu og miðlun upplýsinga á ýmsum sviðum.

Í kostnaðarmati við frumvarp til laga um fjölmiðla árið 2011 var gert ráð fyrir að ráða þyrfti þrjú starfsmenn hjá fjölmiðlanefnd. Í kostnaðarmati við frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013 var auk þess gert ráð fyrir að bæta þyrfti einum starfsmanni til viðbótar við hjá nefndinni vegna eftirlitshlutverks hennar gagnvart Ríkisútvarpinu. Auk þess var gert ráð fyrir að ráðinn yrði starfsmaður til nefndarinnar þegar eftirlitshlutverk á grundvelli laga nr. 62/2006, um aðgang barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, færðist frá Barnaverndarstofu til fjölmiðlanefndar.

Lengst af, eða frá stofnun nefndarinnar haustið 2011, voru starfsmenn fjölmiðlanefndar þó einungis tveir, framkvæmdastjóri og lögfræðingur. Haustið 2018 var annar lögfræðingur ráðinn til starfa hjá nefndinni og þann 15. apríl 2021 var ráðinn verkefnastjóri á sviði fjölmiðlalæsis. Eins og fram kemur í frumvarpinu er fyrirsjáanlegt að fjölga þurfi stöðugildum um eitt með tilkomu nýrra verkefna til að unnt verði að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í tilskipun 2018/1808/ESB og aðrar kröfur sem gerðar eru til fjölmiðlanefndar á grundvelli laga.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar,



Heiðdís Lilja Magnúsdóttir
lögfræðingur



Elfa Ýr Gylfadóttir
framkvæmdastjóri